

Rökfærslutexti: Þrep 6

(9.–10. bekkur)

UPPBÝGGING TEXTA				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1	Texti inniheldur 19 málsgreinar eða færri.	Texti inniheldur 20 til 24 málsgreinar.	Texti inniheldur 25 málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar	2	Lítill eða enginn þráður er innan efnisgreina og/eða á milli efnisgreina.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar og á milli efnisgreina.
Málsgreinar	3	Upphaf eða lengd málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.	Fjölbreyttar málsgreinar (upphaf, orðaröð og lengd) eru notaðar eins og hæfir efni texta.
Tengiorð	4	Þrjú eða færri mismunandi tengiorð eru notuð.	Fjögur eða fimm mismunandi tengiorð eru notuð.	Mismunandi tengiorð, sex eða fleiri, eru notuð.
Greinarmerki	5	Greinarmerki eru sjaldnast notuð í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru yfirleitt notuð í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru notuð í samræmi við reglur.
Athugasemdir				

UPPBÝGGING TEXTATEGUNDAR				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Fyrirsögn	6	Fyrirsögn endurspeglar ekki innihald textans.	Lýsandi fyrirögn er á textanum.	Lýsandi fyrirögn er á textanum og tilraun er gerð til að vekja áhuga viðtakanda.
Inngangur	7	Persónuleg skoðun eða afstaða höfundar er ekki sett fram á skýran hátt.	Persónuleg skoðun eða afstaða höfundar er sett fram á skýran hátt en ekki í inngangi.	Persónuleg skoðun eða afstaða höfundar er sett fram á skýran hátt í inngangi.
Meginmál	8	Ein ástæða er nefnd eða eitt dæmi gefið sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.	Tvær ástæður og/eða dæmi eru gefin sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.	Þrjár eða fleiri ástæður og/eða dæmi eru gefin sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.
	9	Rökstuðningur er ónákvæmur.	Rökstuðningur er nákvæmur.	Rökstuðningur er nákvæmur og byggður á einhverju af eftirtöldu: staðreyndum, tölfræði eða tilvitnunum.
Lokaorð	10	Samantekt á meginmáli í lok texta vantar.	Samantekt á meginmáli er í lok texta.	Samantekt á meginmáli er í lok texta. Bent er á lausn eða kallað eftir aðgerðum.
Athugasemdir				

MÁLNOTKUN				
Meginmál		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	11	Málfar er í slakara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	12	Málsnið tekur að litlu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur að mestu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐
Orðaval	13	Gildishlaðin nafnorð, sagnorð, lýsingar- og atviksorð, ásamt t.d. föstum orðasamböndum og orðatiltækjum, eru sjaldan eða ekki notuð til að gera textann áhugaverðan og vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá viðtakanda. ☐	Gildishlaðin nafnorð, sagnorð, lýsingar- og atviksorð, ásamt t.d. föstum orðasamböndum og orðatiltækjum, eru stundum notuð til að gera textann áhugaverðan og vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá viðtakanda. ☐	Gildishlaðin nafnorð, sagnorð, lýsingar- og atviksorð, ásamt t.d. föstum orðasamböndum og orðatiltækjum, eru notuð til að gera textann áhugaverðan og vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá viðtakanda. ☐
Stílbrögð	14	Fáar eða engar tilraunir eru gerðar til að viðhalda áhuga viðtakanda, t.d. með beinu ávarpi, húmor, notkun málamyndaspurninga, með því að höfundur gefur sér afstöðu hans, breytir skoðun í sannleika, ýjar að hlutum sem ekki eiga við rök að styðjast og/eða notar stílbrögð eins og ýkjur, kaldhæðni eða háð. ☐	Nokkrar tilraunir eru gerðar til að viðhalda áhuga viðtakanda, t.d. með beinu ávarpi, húmor, notkun málamyndaspurninga, með því að höfundur gefur sér afstöðu hans, breytir skoðun í sannleika, ýjar að hlutum sem ekki eiga við rök að styðjast og/eða notar stílbrögð eins og ýkjur, kaldhæðni eða háð. ☐	Áhuga viðtakanda er viðhaldið t.d. með beinu ávarpi, húmor, notkun málamyndaspurninga, með því að höfundur gefur sér afstöðu hans, breytir skoðun í sannleika, ýjar að hlutum sem ekki eiga við rök að styðjast og/eða notar stílbrögð eins og ýkjur, kaldhæðni eða háð. ☐
Athugasemdir				

SKRÁNING				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	15	Stafsetning er að nokkru leyti rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi stundum nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐	Stafsetning er að mestu leyti rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi yfirleitt nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐	Stafsetning er rétt skv. almennum og sértækum rithefðum og merking og samhengi nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt. ☐
Skrift	16	Skrift er stundum læsileg og uppsetning og frágangur að sumu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Skrift er yfirleitt læsileg og uppsetning og frágangur að mestu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Skrift er læsileg og uppsetning og frágangur í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐
Ritvinnsla	17	Nokkuð er um innsláttarvillur, óregluleg bil innan og/eða milli orða og/eða uppsetning ekki í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Stöku innsláttarvillur eru í texta, bil innan og milli orða nær alltaf rétt og uppsetning að mestu leyti í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐	Texti er laus við innsláttarvillur, bil innan og milli orða rétt og uppsetning í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla. ☐
Athugasemdir				